

Nd.

809. Frumvarp til laga

um búfjárrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI

Um nautgriparrækt.

1. gr.

Bannað er að láta naut, eldri en 7 mánaða, ganga laus á afréttum eða í heima-
högum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

2. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi, þar sem ekki er starfandi nautgriparræktar-
félag, sem hefur fengið lög sín staðfest af Búnaðarfélagi Íslands, skal vera naut-
gripakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum. Um kosningu í nefndina fer eftir sömu
reglum og um kosningu í hreppsnefnd. Í bæjum skal kynbótanefnd kosin af bæjar-
stjórn. Þar, sem starfandi er nautgriparræktarfélag, sem í er meiri hluti kúaeig-
enda, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd.

Þar, sem stofnuð verða nautgriparræktarfélag eftir að lög þessi öðlast gildi og
eftir að kosin hefur verið nautgripakynbótanefnd, þá fellur starfssvið hennar nið-
ur, en við því tekur hin nýja stjórn nautgriparræktarfélagsins.

3. gr.

Kynbótanefnd skal sjá um, að jafnan séu til hæfilega mörg kyngóð og efni-
leg naut til afnota fyrir hreppsbúa. Naut þau, er kynbótanefnd velur, skal hún,
eftir því sem við verður komið, velja fyrir vorhreppaskilaping og á þeim tilkynna
hreppsbúum, hver þau séu.

Heimilt er kynbótanefnd að kaupa naut eða taka á leigu eða semja um það
á annan hátt, eftir því sem henni þykir bezt við eiga.

Heimilt er kynbótanefndum tveggja eða fleiri hreppa að vinna saman að kyn-
bótum, t. d. með því að nota sömu kynbótanaut, sömu girðingar, bafa sama eftir-
litsmann o. fl.

Leyft getur kynbótanefnd einstökum mönnum, sem vegna aðstöðu sinnar eiga
óhægt með að nota kynbótanautin eða taka annan þátt í starfinu, að vera utan við

það. Allir, sem ekki fá slíka undanþágu, eru skyldir til að taka sameiginlegan þátt í öllum kostnaði, sem leiðir af nautahaldinu, að rétttri tiltölu við tölu kúa með kálfi, sbr. 7. gr.

4. gr.

Kynbótanefnd getur leyft, að kynbótanaut langi laus, ef öruggt þykir, að þau geti engan skaða gert. Sé um leigunaut að ræða og það er í vörzlu eiganda, ber hann ábyrgð á, ef tjón hlýzt af, en sé um leigunaut að ræða, sem kynbótanefnd sér um haga fyrir, ber hún ábyrgðina.

5. gr.

Öll naut, sem eru 7 mánaða eða eldri og ekki eru valin af kynbótanefnd til að vera notuð til undaneldis í hreppnum, skal gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu yfir beirtartíma kúnna. Brot gegn þessu varða sektum og skaðabótum, ef tjón hlýzt af, eftir nánari fyrirætlun, sem skulu sett í reglugerð. Taka má slík naut utan heimahaga eiganda, ef þau eru ekki í öruggri vörzlu, og fara með þau sem óskilafénað og selja án innlausnarfrests.

6. gr.

Hittist naut, sem kynbótanefnd hefur auglýst til undaneldis, gæzlulaust og ekki í öruggri vörzlu, þá skal taka það í örugga geymslu og á hús og hey, ef þörf krefur.

Sá, sem tekur nautið, skal tafarlaust gera kynbótanefnd aðvart, og skal hún þá svo fljótt sem við verður komið taka nautið og greiða áfallinn kostnað. Hafi nautið verið í geymslu á ábyrgð eiganda, á kynbótanefndin aðgang að honum með greiðsluna. Hafi kynbótanefndin ekki vitjað nautsins innan hálf mánaðar, skal sá, sem tók nautið í hald, afhenda það hreppstjóra, sem þá selur það með mánaðar innlausnarfresti.

7. gr.

Öllum árlegum kostnaði við nautahaldið, svo sem landleigu fyrir sumarhaga, vetrarfóðri, kostnaði við nautagirðingu, vöxtum og afborgunum af lánum o. s. frv., jafnar kynbótanefnd niður á allar kýr, sem haldið er undir naut í hreppnum á því ári, að undanskildum kúm þeirra manna, sem hafa fengið undanþágu frá að taka þátt í sameiginlegum kostnaði við nautahaldið, sbr. 3. gr. Hið niðurjafnaða gjald má taka lögtaki. Heimilt er nautgriparæktarfélagi að taka hærri nautstoll af utanfélagsmönnum.

Þóknun til kynbótanefndar ákveður hreppsfundur, ef um er að ræða, og telst hún með öðrum árlegum kostnaði.

Geti kýreigandi sannað, að kýr hafi ekki fest fang, þó haldið hafi verið, ber honum ekki að greiða nautstoll.

Heimilt er kynbótanefnd að láta menn greiða nautstoll með fóðri að nokkru eða öllu leyti.

8. gr.

Kynbótanefnd skal bóka gerðir sínar, reikninga, bréf og annað. Á fundum nefndarinnar ræður afl atkvæða. Nefndarfundir eru löglegir og ályktunarfærir, þó að einn nefndarmann vanti, ef hinir tveir eru samnála.

Eftir hver áramót skal formaður nefndarinnar gera reikning yfir tekjur og gjöld nautahaldsins (sbr. 7. gr.), og skal reikningurinn endurskoðaður af endurskoðendum hreppsreikninga.

9. gr.

Þar sem 6 bændur í hreppi eða fleiri hafa samþykkt að stofna nautgriparæktarfélag, hafa komið sér saman um reglur fyrir félagið og fengið þær samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands, getur félagið fengið styrk úr ríkissjóði til starfseminnar eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

10. gr.

Tilgangur nautgriparæktarféлага, sem um ræðir í 9. gr., skal vera að bæta kúakynið. Samþykktir hvers félags skal gera eftir fyrirmynd frá Búnaðarfélagi Íslands, og skulu þær að lokum fá staðfestingu þess, en þá getur félagið fengið styrk til starfsemi sinnar eins og hér greinir:

1. Kr. 1.00 á reiknaða árskú, ef ekki eru gerðar fitumælingar eða þær gerðar sjaldnar en þrisvar á ári.
2. Kr. 1.80 á reiknaða árskú, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst þrisvar á ári.
3. Kr. 2.50 á reiknaða árskú, sé fitumagn mjólkurinnar úr hverri kú rannsakað minnst sex sinnum á ári.

Styrkurinn greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent Búnaðarfélagi Íslands skýrslur í því formi, er það krefst og nánar skal ákveðið um í reglugerð.

11. gr.

Nautgriparæktarfélög geta fengið, auk styrks þess, sem um ræðir í 10. gr., styrk til nautahaldsins, ef þau nota naut, sem eru að minnsta kosti tveggja ára gömul og hafa hlotið 1. og 2. verðlaun á nautgripasýningum, eða hafa verið viðurkennd þess verðug af nautgriparæktarráðunaut. Styrkur þessi er kr. 150.00 á 1. verðlauna naut og kr. 75.00 á 2. verðlauna naut. Styrkurinn greiðist árlega, á meðan nautin njóta þessara viðurkenninga, heimilt er þó að greiða allt að 50% hærri fóðurstyrk á naut, sem gefið er inni yfir sumarið.

Þau félög, sem á fullnægjandi hátt hafa aðstöðu til að fá kýr sínar sæddar frá sæðingarstöð, að dómi nautgriparæktarráðunauts, fá ekki fóðurstyrk á naut sín.

12. gr.

Heimilt er nautgriparæktarfélögum að stofna með sér samband, ef þau hafa minnst 1000 kýr innan félaganna. Skulu þau þá setja sér samþykktir og starfsreglur, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir. Í þessum samþykktum sé m. a. ákveðið um sameiginlegt eftirlit félaganna, ættbókarfærslu beztu kýrstofnanna, framkvæmd fitumælinga, er eigi skulu vera sjaldnar en annan hvern mánuð, og spjaldbókarfærslu þeirra kúa, sem gefa yfir 13000 fitueiningar árlega.

Heimilt er samböndum nautgriparæktarféлага að setja á stofn nautgripauppleidisstöðvar eða sæðingastöðvar, en samþykkja skal Búnaðarfélag Íslands reglur um starfsemi þeirra, sbr. V. kafla.

13. gr.

Sambönd þau, sem um ræðir í 12. gr., njóta framlags úr ríkissjóði sem hér greinir:

1. Kr. 1.00 á ári á hverja reiknaða árskú, sem skýrslur eru sendar yfir til Búnaðarfélags Íslands. Styrkur þessi er þó bundinn því skilyrði, að sambandið hafi fastan starfsmann, sem Búnaðarfélag Íslands samþykkir, ef ekki er starfandi héraðsráðunautur á svæðinu, sem annast störf fyrir nautgriparæktarsambandið.
2. Til nautgripauppleidisstöðva fá samböndin framlag, sem nemur kr. 75.00 á hvern nautkálfi, er það hefur á eldi, enda séu kálfarnir valdir í samráði við ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt og seldir við því verði, sem hann samþykkir.
3. Sæðingastöðvar fá fóðurstyrk á öll naut á stöðinni, fyrstu og annarra verðlauna naut samkvæmt ákvæðum 11. gr., en ung naut, sem verið er að reyna, fá sama fóðurstyrk og 2. verðlauna naut samkv. 11. gr., enda séu þau valin í samráði við nautgriparæktarráðunaut.

14. gr.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningar í hverju nautgriparæktarfélagi fimmta hvert ár. Landinu skal skipt í 5 sýningarsvæði, og skal

halda sýningar í þeim til skiptis. Til verðlauna á sýningum þessum leggur ríkissjóður fram kr. 0,50 fyrir hvern framtalinn nautgrip, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Skal fé þessu varið til verðlauna á kúm. Verðlaun á naut greiðast eingöngu úr ríkissjóði, og eru þau kr. 300.00 1. verðlaun og kr. 50.00 2. verðlaun. Fyrstu verðlaun geta þau naut ein hlotið, sem eiga dætur á sýningunni, sem tvímælalaust taka fram mæðrum sínum. Enn fremur er heimilt að veita einstökum kúm heiðursverðlaun, ef þær hafa sýnt með afkvæmum sínum, að þær hafa verulega kynbætandi áhrif á nautgripastofninn. Verðlaun þessi eru kr. 200.00 og greiðast úr ríkissjóði. Nautgriparæktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands er formaður dómnefnda á sýningum, sér um fyrirkomulag sýninga og úthlutar verðlaunum. Stjórnir nautgriparæktarfélaganna tilnefna meðdómendur á sýningar og greiða kostnað við framkvæmd þeirra.

15. gr.

Nú kemur nautgriparæktarfélag sér upp girðingu til að geyma naut sín í sumarlangt, og skal þá greiða úr ríkissjóði allt að kr. 400.00 til hvernar girðingar, þó aldrei meira en nemur efniskaupum. Ekki má styrkja fleiri en þrjár girðingar í sama hreppsfélagi.

II. KAFLI.

Um sauðfjárrækt.

16. gr.

Bannað er að láta hrúta ganga lausa frá 5. nóvember til 20. apríl ár hvert. Heimilt er þó einstökum fjáreigendum að láta hrúta sína ganga með ám eftir 20. desember, ef tryggt er, að dómi hlutaðeigandi hreppstjóra, að hrútar þessir geti ekki valdið öðrum fjáreigendum tjóni. Verði þó tjón af þessum hrútum, eru eigendur þeirra skaðabótaskyldir.

17. gr.

Nú hittist gæzlulaus hrútur á tímabilinu, sem um ræðir í 16. gr., og er þá þeim, sem hrútinn sér, skylt að tilkynna það landeiganda, sem skal taka hann í vörzlu, og ef hann á ekki hrútinn, skal hann gera eiganda hans aðvart eins fljótt og við verður komið. Eigandi skal vitja hrútsins eða ráðstafa honum innan viku frá því að hann fékk tilkynninguna, en að þeim tíma liðnum skal farið með hrútinn eins og óskilafé.

18. gr.

Heimilt er 6 mönnum eða fleiri að stofna með sér félagsskap til að vinna í sameiningu að kynbótum sauðfjár, og kallast slík félög sauðfjárræktarfélög.

Lágmarkstala kynbótafjár hjá hverjum félagsmanni skal vera 8 ær, og enginn einn félagismaður má eiga meira en helming kynbótafjárins.

Gera skal samþykktir fyrir sauðfjárræktarfélög, þar sem tekið er fram eftirfarandi:

1. Að halda skuli fóður-, afurða- og vigtarskýrslur fyrir kynbótaféð.
2. Að halda skuli ættbók fyrir kynbótaféð og merkja skuli hvern einstakling þess með einstaklingsmerki.
3. Ákveðið, hvernig haga skuli skýrsluhaldi, til að fá sem öruggasta vissu um erfðaeðli einstaklinganna.
4. Önnur atriði, er varða félagsskapinn.

19. gr.

Félög þau, sem um ræðir í 18. gr., geta árlega fengið styrk úr ríkissjóði, eftir að þau hafa fengið samþykktir sínar viðurkenndar af Búnaðarfélagi Íslands. Styrkurinn rennur í félagssjóð og greiðist eftir á, þegar félagið hefur sent skýrslur um starf sitt til Búnaðarfélags Íslands. Hinn árlegi styrkur er kr. 50.00 fyrir hveru

fyrstu verðlauna hrút og allt að kr. 1.00 á hverja kynbótaá, sem í félaginu er og skýrslur eru haldnar yfir og sendar til Búnaðarfélags Íslands.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að veita einstökum mönnum, eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands, sama styrk og sauðfjárræktarfélagum, ef þeir fullnægja skilyrðum 1., 2. og 3. liðs 18. gr.

Sæðingastöðvar, sem eru stofnaðar og starfræktar samkv. V. kafla þessara laga, fá árlega styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 50.00 fyrir hvern hrút, sem notaður er þar og sauðfjárræktarráðunautur hefur samþykkt.

20. gr.

Auk þess, sem um getur í 19. gr., er heimilt að styrkja úr ríkissjóði allt að 8 sauðfjárræktarbú, tvö í hverjum landsfjórðungi, eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, með allt að kr. 600.00 hvert, þó ekki yfir $\frac{2}{3}$ hluta á móti hlutaðeigandi búnaðarsambandi eða annars staðar að. Auk þessa leggur ríkissjóður fram kr. 2000.00 árlega til að verðlauna þessi bú, eftir því sem nánar skal mælt fyrir um í starfsreglum, er viðurkenndar skulu af Búnaðarfélagi Íslands.

Fjárræktarbú þessi skulu fullnægja þeim skilyrðum, sem um ræðir í 1., 2. og 3. lið 18. gr., og öðrum ákvæðum, sem sett kunna að verða. Ef styrkþegi hættir að reka búíð, hefur Búnaðarfélag Íslands rétt til að ráðstafa kynbótafénu og skal ákveða, hvar búíð skuli starfa áfram í samráði við þá aðila, sem einnig hafa styrkt búíð. Greiða skal fyrir fé búsin með matsverði dómkvaddra manna.

21. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal hafa yfirumsjón með sauðfjárræktarbúum, og skulu þau haga skýrslugerð eftir fyrir mælum þess. Skyld er sauðfjárræktarbúunum að senda Búnaðarfélagi Íslands árlega skýrslu um störf sín, en það skal birta útdrátt úr þeim.

22. gr.

Hrútasýningar skal halda í einstökum hreppum fjórða hvert ár, þar sem þess er óskað. Skal landinu skipt í fjögur sýningarumdæmi, og skal halda sýningar í þeim til skiptis.

Til verðlauna á sýningum þessum veitir ríkissjóður 2 aura á hverja framtalda kind í hreppnum, gegn jöfnu framlagi annars staðar að. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um sýningarnar, og er ráðunautur þess í sauðfjárrækt sjálfkjörinn formaður sýningarnefndar, en hreppsnefnd kys tvo meðdómendur og annast undirbúning sýninganna.

23. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að láta halda afkvæmasýningar fyrir hrúta og ær annað hvert ár, eftir því sem við verður komið. Á þessum sýningum má aðeins sýna hrúta og ær frá þeim bændum, sem halda fullkomnar ættartölubækur og afurðaskýrslur að dómi sauðfjárræktarráðunauts.

Til verðlauna á sýningum þessum greiðir ríkissjóður allt að:

a.	fyrir fyrstu verðlauna hrút	kr. 100.00
b.	— annarra	— — — — —	— 50.00
c.	— þriðju	— — — — —	— 25.00
d.	— fyrstu	— á — — — — —	— 20.00
e.	— annarra	— — — — —	— 10.00
f.	— þriðju	— — — — —	— 5.00

Enn fremur má veita fyrstu heiðursverðlaun, allt að kr. 200.00 á hrút.

Um skilyrði fyrir verðlaunaveitingum og um fyrirkomulag afkvæmasýninga skal ákveða með reglugerð.

III. KAFLI Um hrossarækt.

24. gr.

Óheimilt er að láta graðhesta, sem eru eldri en 1½ árs, ganga lausa í heima-
högum eða á afréttum, nema heimild til þess felist í lögum þessum.

Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann og flytja til hreppstjóra, er
skal taka hann í gæzlu og standa skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og
kostnaðar við handsömun. Sömu ákvæði gilda fyrir hesta, sem ekki er hægt að
gelda vegna skapnaðarlýta.

25. gr.

Finnist graðhestur utan vörzlu, sem er merktur með bókstöfum K eða LK á
hægri lend, þá skal eiganda hans þegar gert aðvart. Finnist eigandi ekki, skal hest-
urinn auglýstur í útvarpi með marki og einkennum. Gefi eigandi sig fram innan
hálf mánaðar frá auglýsingardegi, er heimilt að afhenda honum hestinn gegn
greiðslu á áföllnum kostnaði, geti hann sannað heimild sína til að merkja hestinn
með kynbótahestsmerki.

Finnist ómerktur graðhestur eða merktur kynbótahestsmerki samkv. 26. og
27. gr. án heimildar, skal hreppstjóri selja hann á opinberu uppboði. Vitji eigandi
andvirðisins innan 6 mánaða frá söludegi, skal honum greitt það að frádregnum
öllum áföllnum kostnaði, annars rennur afgangur andvirðisins í sveitarsjóð, þar
sem hesturinn var handsamaður. Sömu ákvæði gilda um merkta graðhesta, sem
ekki er vitjað á tilsettum tíma frá auglýsingardegi, sbr. fyrri málgrs. þessarar
greinar.

26. gr.

Þegar graðhestar hafa hlotið 1. eða 2. verðlaun á héraðssýningum eða á af-
kvæmasýningum, skal hrossaræktarráðunautur gefa eigendum þeirra skriflega
heimild til að merkja þá með kynbótahestsmerki, sem er K á hægri lend. Komi í
ljós, að merktur graðhestur er ekki til kynbóta að dómi hrossaræktarráðunauts,
skal hann afnema heimildina. Hrossakynbótanefndir geta veitt leyfi til að merkja
aðra graðhesta með kynbótahestsmerki, ef ástæða er til og að fengnu leyfi hrossa-
ræktarráðunauts.

Verði einhver uppvís að því að merkja graðhest heimildarlaust með kynbóta-
hestsmerkjum K eða LK (sbr. 27. gr.) á hægri lend, skal hann látinn sæta sektum
samkv. 82. gr. þessara laga.

27. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að veita hreppsfélögum, einu eða fleiri sam-
eiginlega, undanþágu frá ákvæðum um einangrun graðhesta á tímabilinu frá 1. maí
til 1. október, ef það telur, að beutilönd þau, sem um er að ræða, séu svo einangruð,
að öruggt megi teljast. Undanþágu þessa getur Búnaðarfélagið numið úr gildi með
eins árs fyrirvara.

Til þess að undanþága þessi verði veitt skal liggja fyrir umsókn um hana frá
hlutaðeigandi hreppsnefndum. Fyrst skal málið hafa verið rætt á almennum sveitar-
fundum og verið samþykkt þar af ⅔ hlutum greiddra atkvæða hrossaeigenda og skal
síðan hafa hlotið samþykki sýslunefnda þeirra, sem hlut eiga að máli.

Enn fremur skal fullnægja eftirtöldum skilyrðum, ef undanþága þessi er veitt:
Graðhestar þeir, sem sleppt er, mega ekki vera yngri en þriggja vetra, og skulu eig-
endur þeirra fá leyfi fyrir hvern hest. Skal hesturinn þá merktur greinilega með
stöfunum LK á hægri lend og með númeri, sem ráðunauturinn ákveður, á þá vinstri.

28. gr.

Valdi graðhestar, sem ganga lausir eða sleppa úr vörzlu, tjóni á eignum ann-
arra eða húfé, er eigandi þeirra skaðabótaskyldur eftir mati dómkvaddra manna,

ef ekki næst samkomulag um skaðabætur. Er hlutaðeigandi sveitarsjóður skyldur að annast greiðslur þessara skaðabóta, ef þess er krafizt.

29. gr.

Við smölun og réttun að haustinu skulu gangnaforingjar og réttarstjórar hafa strangt eftirlit með því, að graðhestar sleppi ekki úr stóðrekstrum, og séu þeir merktir, geta þeir krafizt skriflegra heimilda fyrir merkingu þeirra.

30. gr.

Þegar 5 bændur í hreppi eða fleiri hafa samþykkt að stofna með sér hrossaræktarfélag, hafa komið sér saman um reglur fyrir það og fengið þær samþykktar af Búnaðarfélagi Íslands, getur það fengið styrk til starfsemi sinnar eftir því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

31. gr.

Í hverjum hreppi, þar sem ekki er starfandi hrossaræktarfélag samkv. 30. gr., skal á almennum hreppsfundi kjósa þriggja manna hrossakynbótanefnd til fjögurra ára í senn. Skal hún annast þau störf, sem stjórnnum hrossaræktarféлага er ætlað í lögum þessum. Stjórnir hrossaræktarféлага eru því aðeins sjálfkjörnar kynbótanefndir fyrir allan hreppinn, að meiri hluti bændanna sé í félaginu. Farist kosning hrossakynbótanefnda fyrir, ber hreppsnefndum að annast störf þeirra.

32. gr.

Stjórn hrossaræktarfélags eða kynbótanefnd skal sjá um, að árlega séu nógu margir og góðir graðhestar, sem samþykktir eru af hrossaræktarráðunaut, til afnota fyrir hrossaeigendur. Stjórnin skal enn fremur útvega girðingar fyrir þá, koma þeim í fóður og sjá um annan kostnað, er af starfseminni leiðir. Þegar um er að ræða kaup á kynbótahesti eða uppsetningu á nýrri girðingu, þarf stjórnin samþykki lögmeets hreppsfundar, og er þá hreppssjóði skylt að greiða að minnsta kosti helming kostnaðar. Öðrum kostnaði, sem leiðir af kynbótastarfseminni innan hreppsins skal árlega jafna niður með hliðsjón af tölu fæddra folalda, og eru gjöld þessi lögtakskræf.

33. gr.

Sé engin graðhestur til afnota í hreppi, geta þeir, sem þess óska, krafizt þess af kynbótanefnd eða hreppsnefnd, að samið sé um afnot á graðhesti fyrir þá í öðrum hreppi eða þeim leyft að hafa graðhest til notkunar.

34. gr.

Þegar minni hluti af hreppi er í hrossaræktarfélagi og utanfélagsmenn vilja ekki vera í samvinnu við þá um kynbótastarfið, þá er þeim, sem í félaginu eru, ekki skylt að taka þátt í kostnaði af kynbótastarfi þeirra, sem utan félagsins eru.

35. gr.

Stjórnir hrossaræktarféлага eða kynbótanefndir skulu halda gerðabók, þar sem ritaðar eru allar ályktanir, reikningar, bréf og aðrar gerðir.

Reikningar kynbótastarfsins skulu árlega lagðir fram á aðalfundi og skulu endurskoðaðir með hreppsreikningum.

36. gr.

Hrossaræktarráðunautur skal, eftir því sem við verður komið, ferðast um meðal bænda á vorin og sumrin og leiðbeina þeim um val á graðhestum og hryssum til undaneldis. Hrossaræktarráðunautur er formaður dómnefnda á öllum sýningum, sem haldnar eru samkvæmt þessum kafla laganna. Í forföllum ráðunauts tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands mann í hans stað. Meðdómendur á hrossa-

sýningum geta ekki veitt hrossi verðlaun gegn atkvæði ráðunauts, hann getur ekki heldur veitt hrossi verðlaun, nema helmingur meðdómenda sé því samþykkur.

37. gr.

Heimilt er, ef Búnaðarfélag Íslands samþykkir, að halda hrossasýningar á eftirtöldum stöðum, eða í grennd við þá, fjórða hvert ár á hverjum stað:

1. Þjósártún, fyrir sambandssvæði Búnaðarsambands Suðurlands.
2. Ferjukot, fyrir sambandssvæðin á Suðvestur- og Vesturlandi.
3. Sveinsstaðir, fyrir búnaðarsambandssvæðin í Húnavatnssýslum.
4. Sauðárkrókur, fyrir búnaðarsambandssvæði Skagfirðinga.
5. Akureyri, fyrir búnaðarsambandssvæði Eyfirðinga.
6. Einarssynir í Reykjadal, fyrir búnaðarsambandssvæði Þingeyinga.
7. Egilsstaðir á Völlum, fyrir Múlasýslur.
8. Hornafjörður, fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að leyfa fleiri hrossasýningar, ef þess er sérstaklega óskað og það telur vera ástæðu til.

Búnaðarfélag Íslands ákveður, hvar sýningar skuli haldnar fyrsta sýningarár og í hvaða röð.

Hlutaðeigandi búnaðarsambönd skulu annast undirbúning og rekstur hrossasýninga og skulu kjósa 2—4 meðdómendur á þær ásamt sýningarstjórn.

38. gr.

Úr hrossakynbótasjóði samkv. 46. gr. skal greiða verðlaun á hrossasýningum samkv. 37. og 41. gr. Stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður til fjögurra ára í senn, hver verðlaunin skuli vera. Þau mega þó ekki vera hærri en hér greinir:

Fyrir graðhesta,	1. heiðursverðlaun, allt að	kr. 200.00
— —	1. verðlaun	— —	— 160.00
— —	2. —	— —	— 120.00
— —	3. —	— —	— 80.00
— hryssur,	1. heiðursverðlaun,	— —	— 100.00
— —	1. verðlaun	— —	— 80.00
— —	2. —	— —	— 60.00
— —	3. —	— —	— 40.00

39. gr.

Eigi má taka önnur hross á hrossasýningar samkv. 37. gr. en hér greinir:

1. Graðhesta 4—10 vetra. Þeir skulu vera tamdir og ekki minni en 140 cm að bandmáli.
2. Graðhesta þriggja vetra. Þeir skulu vera leiðitamir og ekki minni en 137 cm að bandmáli.
3. Hryssur 4—10 vetra. Þær skulu vera leiðitamar og ekki minni en 136 cm að bandmáli.

40. gr.

Heimilt er að halda afkvæmasýningar fyrir graðhesta, þar sem verðlaun eru greidd úr hrossakynbótasjóði, ef til þess fæst samþykki stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Sýna skal undan hverjum hesti eigi færri en 12 afkvæmi, og skulu mæður þeirra fylgja þeim á sýninguna. Þriðjungur afkvæma má vera þriggja vetra, en hin skulu vera eldri.

Fyrstu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi, sem greidd eru úr hrossakynbótasjóði á graðhest, eru kr. 250.00 og árlegur fóðurstyrkur, sem nemur kr. 150.00.

Fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi eru kr. 200.00 og árlegur fóðurstyrkur, sem nemur kr. 150.00.

Önnur verðlaun eru kr. 175.00 og árlegur fóðurstyrkur, sem nemur kr. 80.00. Þriðju verðlaun eru kr. 150.00.

Fóðurstyrkur greiðist eftir á, þegar send hefur verið skýrsla til Búnaðarfélags Íslands um notkun hestsins.

Þegar graðhestur hefur verið dæmdur á afkvæmasýningu, má ekki greiða á hann verðlaun á hrossasýningum samkv. 38. gr.

Fyrir þá graðhesta, sem fá 2. verðlaun fyrir afkvæmi í fyrsta skipti, má endurtaka afkvæmasýningu í eitt skipti að 4 árum liðnum.

Umsóknir um afkvæmasýningar skal senda til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí ár hvert. Stjórnir búnaðarsambanda kjósa 2 meðdómendur á afkvæmasýningu. Eigendur graðhesta leggja til sýningarstað, en búnaðarsamböndin greiða meðdómendum fyrir störf þeirra.

41. gr.

Heimilt er einstökum hestamannafélögum eða heildarsamtökum þeirra, ef Búnaðarfélag Íslands samþykkir, að halda landssýningar fyrir reiðhross fjórða hvert ár. Hrossin skulu fullnægja sömu skilyrðum og um getur í 39. gr.

Umsóknir um þessar sýningar skal senda til Búnaðarfélags Íslands fyrir 15. maí árið sem sýningin skal haldin, og skal það samþykkja sýningarstað og fyrirkomulag sýningarinnar.

Sá aðili, sem gengst fyrir sýningunni, skal kjósa 2 meðdómendur á hana.

Greidd verða sömu verðlaun úr hrossakynbótasjóði á þessum sýningum og um getur í 38. gr.

Skrá skal sérstaka ættbók fyrir þau reiðhross, sem hljóta verðlaun á landsýningum þessum.

42. gr.

Heimilt er hrossaræktarráðunaut að velja árlega allt að 25 hryssur, sem eru í einstaklingseigu og hann telur vera mjög góðar til undaneldis. Ef þeir, sem eiga þessar hryssur, leiða þær til þeirra kynbótahesta, sem ráðunautur ákveður, skal greiða þeim úr hrossakynbótasjóði, með tilliti til fyrirhafnar, allt að kr. 100.00, eftir ákvörðunum hrossaræktarráðunauts.

43. gr.

Starfrækja skal tamningarstöð fyrir graðhesta á skólabúinu á Hvanneyri undir umsjón hrossaræktarráðunauts. Ráðunautnum er heimilt að velja árlega allt að 15 graðhesta á 4. til 6. vetri, og geta eigendur þeirra fengið þá fóðraða, tamda og rannsakaða vetrarlangt á tamningarstöðinni, en verða þá að flytja þá til Hvanneyrar að haustinu og sækja þá að vorinu á sinn kostnað, en greiða má þeim styrk úr hrossakynbótasjóði með tilliti til fyrirhafnar, er nemi allt að kr. 100.00, þó aldrei yfir helming útlagðs kostnaðar. Dvöl hestanna á Hvanneyri, fóðrun og tanning er eigendum að kostnaðarlausu.

Meðan graðhestur dvelur á tamningarstöðinni, skal hann tryggður fyrir upplæð, sem eigandi hestsins og forstöðumaður tamningarstöðvarinnar koma sér saman um. Iðgjöld greiðast að hálfu úr hrossakynbótasjóði og að hálfu af eiganda.

44. gr.

Komi í ljós við rannsóknir á graðhestum á Hvanneyri, að einhverjir þeirra búi yfir svo slæmum eiginleikum, að ráðunauturinn telur þá ólíklega til kynbóta, getur hann dæmt þá óhæfa til notkunar og látið gelda þá með samþykki eigenda og þeim að kostnaðarlausu.

Skólabúið á Hvanneyri fær árlega allt að kr. 12000.00 í styrk úr hrossakynbótasjóði vegna tamningarstöðvarinnar, þó ekki yfir kr. 1000.00 á hest.

45. gr.

Hrossaræktarfélag eða hreppsfélag, sem láta reisa girðingu fyrir hrossakynbótastarfsemi, fá allt að kr. 600.00 í styrk úr hrossakynbótasjóði á hverja girðingu að verki loknu, þó aldrei meira en nemur efniskaupum. Fullnægja skal eftirtöldum skilyrðum:

1. Hrossaræktarráðunautur skal viðurkenna nauðsyn hvernar girðingar.
2. Landið, sem girt er, skal vera eign hlutaðeigandi aðila eða vera leigt til eigi skemmri tíma en 15 ára.
3. Landið skal vera vel fallið til hrossabeitar að dómi hrossaræktarráðunauts eða trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Girðingin skal vera gerð af minnst 5 gaddavírsstrengjum eða úr öðru jafngildu efni, t. d. rafmagnsgirðing, og eigi lægri en 135 cm.

46. gr.

Til að standa undir greiðslum vegna hrossakynbótastarfseminnar samkvæmt lögum þessum skal stofna sérstakan sjóð, sem nefnist hrossakynbótasjóður, og skal hann geymdur í vörzlu Búnaðarfélags Íslands, sem jafnframt annast greiðslur úr honum.

Tekjur hrossakynbótasjóðs eru:

1. Kr. 0,40, sem hver hrossaeigandi greiðir árlega af hverju hrossi, sem hann hefur á framtali.
2. Kr. 0,20, sem ríkissjóður greiðir árlega á hvert framtalið hross í landinu.
3. Vextir.
4. Aðrar tekjur, er sjóðnum kann að áskotnast.

Sýslumenn skulu innheimta skattinn hjá hrossaeigendum með öðrum þinggjöldum og standa skil á honum til Búnaðarfélags Íslands.

Reikningar hrossakynbótasjóðs skulu endurskoðaðir með reikningum Búnaðarfélags Íslands.

IV. KAFLI

Um svínarækt og alifuglarækt.

47. gr.

Þegar Búnaðarfélag Íslands hefur ráðið til sín ráðunaut í svínarækt og alifuglarækt, er landbúnaðarráðherra heimilt að láta setja á stofn kynbótabúi í þessum greinum á bændaskólabúi eða öðru ríkisbúi, eftir því sem henta þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands.

48. gr.

Á kynbótabúinu skal hreinrækta þau hæsnakyn og svínakyn, sem ráðunauturinn telur rétt að rækta hér á landi. Á búinu skal vera útungarstöð til að framleiða kynbótahænsni til sölu.

49. gr.

Færa skal ættarskýrslur og afurðaskýrslur yfir svín og alifugla á kynbótabúinu undir eftirliti ráðunautsins, og gera skal samanburðartilraunir með fóðurþörf og afurðagetu hinna ýmsu kynja.

50. gr.

Eftir að bú þetta hefur verið stofnsett, hefur það réti til að flytja útungunaregg til landsins til kynbóta eða tilrauna, enda sjái ráðunauturinn um, að búið fullnægi óskum alifuglaeigenda um að hafa til sölu fugla af þeim kynjum, sem óskað er eftir og reynsla hefur sýnt, að hentug séu til ræktunar hér á landi.

51. gr.

Heimilt er að halda einstaklinga- og afkvæmasýningar fyrir alifugla og svín, þar sem verðlaun eru greidd úr ríkissjóði, eftir nánari fyrirmælum, sem landbúnaðarráðherra setur í reglugerð eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

V. KAFLI

Um sæðingu búfjár.

52. gr.

Búnaðarsambönd, nautgripasambönd og önnur félagssamtök bænda, sem vinna að kynbótum búfjár með sæðisflutningum, njóta til þess styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

1. Til stofnkostnaðar í eitt skipti fyrir öll:
 - a. Sé stöð stofnuð til að annast sæðingu nautgripa og annarra búfjártegunda, greiðir ríkissjóður sérfræðingi í búfjársæðingum, sem til þess er ráðinn af Búnaðarfélagi Íslands, laun þann tíma, sem til þess þarf að koma starfsemi stöðvarinnar í gott horf og kenna væntanlegum starfsmönnum stöðvarinnar sæðistöku, geymslu sæðis og sæðingu, þó ekki lengri tíma en eitt ár.
 - b. Sé stöðin stofnuð til að annast sæðingu sauðfjár eða annarra búfjártegunda en nautgripa, greiðir ríkissjóður sérfræðingi í búfjársæðingum, sem vinnur að stofnun stöðvarinnar, laun í allt að þrjá mánuði.
2. Vegna árlegs rekstrarkostnaðar greiðir ríkissjóður kr. 7.00 fyrir hverja sædda kú, sem fang fær, og kr. 0.50 fyrir hverja á, sem sædd er. Styrkur þessi skal þó ekki veittur nema notuð séu naut, sem hlotið hafa 1. verðlaun fyrir afkvæmi, eða ef verið er að reyna ung naut, sem nautgriparræktarráðunautur mælir með.

Fyrir sæðingu áa skal þessi styrkur því aðeins greiddur, að notaðir séu hrútar, sem hlotið hafa viðurkenningu sauðfjarræktarráðunauts fyrir afkvæmi, eða eru fram úr skarandi einstaklingar af ræktuðum kynjum, enda hafi þeir fengið viðurkenningu sauðfjarræktarráðunauts til að vera notaðir á sæðingastöð.

Vinni sæðingastöð jafnframt að sæðingu fleiri búfjártegunda, er ríkissjóði heimilt að greiða styrk til þess, sem ákveðinn skal af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

53. gr.

Stofn- og rekstrarstyrkur til sæðingastöðva verður ekki veittur nema Búnaðarfélag Íslands hafi fallizt á nauðsyn þess, að stöðinni sé komið á stofn, og samþykki starfstilhögun hennar.

54. gr.

Þar, sem reknar eru sæðingarstöðvar, verða nautauppedisstöðvar ekki styrktar úr ríkissjóði.

VI. KAFLI

Um ræktun erlendra búfjarkynja og blöndun þeirra við innlent búfé.

55. gr.

Heimilt er búfjarræktarfélagum, tilraunabúum og einstökum bændum, sem halda fullkomnar ættartölubækur yfir búfé sitt, að gera tilraunir með myndun nýrra búfjarkynja með blöndun við innlend og erlend búfjarkyn, sem til eru í landinu eða verða flutt til landsins með sæðisflutningum eða á annan hátt.

Tilraunir þessar skulu gerðar undir eftirliti og í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í búfjarrækt.

56. gr.

Leiði tilraunir með blöndun erlendra búfjárkynja við íslenskt búfé í ljós, að æskilegt muni vera að mynda ný kyn með framhaldsræktun kynblendinganna, skal hlutaðeigandi ráðunautur setja reglur um, hvernig haga skuli ræktuninni og sölu gripa af hinu nýja kyni.

Ekkert undaneldisdýr af nýjum kynjum má selja nema það sé ættbókarfært og viðurkennt af hlutaðeigandi ráðunaut hjá Búnaðarfélagi Íslands eða fulltrúa hans.

57. gr.

Heimilt er bændum að framleiða einblendinga til slátrunar og til ásetnings án þess að halda ættartölubækur, en þeim er óheimilt að selja slíka kynblendinga til ásetnings.

58. gr.

Brot gegn því að verzla óleyfilega með kynblendinga af erlendum kynjum varða sektum, sem nema eigi minni upphæð en andvirði hins selda fénaðar. Einnig er heimilt að láta slátra kynblendingum, sem seldir hafa verið í óleyfi, ef ástæða þykir til þess að dómi Búnaðarfélags Íslands.

VII. KAFLI

Um forðagæzlu og fódurbirgðafélög.

59. gr.

Í hverjum hreppi, þar sem ekki er starfandi fódurbirgðafélag, skal vera starfandi forðagæzlunefnd, skipuð þrem mönnum, tveir þeirra skulu kosnir samtímis og kosið er til hreppsnefndar, til fjögurra ára í senn, en þriðji maðurinn skal kosinn af hreppsnefnd til sama tíma, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

60. gr.

Verkefni forðagæzlunefndar eru:

1. Ráða eftirlitsmann — eða menn —, er starfi í umboði hennar, og ákveða þóknun til hans, er greiðist úr sveitarsjóði.
2. Úrskurða ásetning hjá hverjum búfjäreiganda eftir ástæðum.
3. Fylgjast með störfum eftirlitsmanna og sjá um, að ásetningur hvers búfjäreiganda sé í samræmi við úrskurð nefndarinnar.
4. Sjá um, að lögboðnar skýrslur verði sendar til Búnaðarfélags Íslands á eyðublöðum, er það lætur prenta og sendir forðagæzlunefndum.

61. gr.

Skylt er eftirlitsmanni að fara minnst tvisvar sinnum um sveitina á hverjum vetri. Fyrri ferðinni skal vera lokið fyrir 15. nóvember, en þeirri síðari fyrir 20. apríl. Í hverri ferð skal eftirlitsmaður athuga vandlega fódurbirgðir hjá bændum og fódrun búfjárins.

Ef eftirlitsmaður telur einhver heimili í hreppnum vera í fódurþröng eða búfé vanfóðrað, skal hann tilkynna það forðagæzlunefnd, sem gerir þá nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta. Forðagæzlunefnd hefur heimild til að útvega fóður á kostnað hlutaðeigandi búfjäreiganda, en sveitarsjóður annast greiðslur til bráðabirgða, ef þörf krefur.

62. gr.

Heimilt er sveitar- og bæjarfélögum að stofna fódurbirgðafélög, og takmarkast félögin ætíð af hreppamörkum. Þar, sem slík félög eru starfandi, fellur niður starf forðagæzlunefndar.

63. gr.

Verksvið fóðurbirgðafélaga er að tryggja það, að á hverju hausti sé til fóður fyrir búfé félagsmanna, sem nægi í hinum harðasta vetri, og að rannsaka, hvernig bændur eigi að fóðra búfé sitt, svo að það gefi sem mestan arð, miðað við tilkostnað.

Stjórn fóðurbirgðafélags skal sjá um, að fóðurskoðanir eigi sér stað eins oft og þurfa þykir. Skal sú fyrsta ætið fara fram fyrir 15. nóvember.

64. gr.

Þegar menn vilja koma á fóðurbirgðafélagi í hreppi eð kaupstað, þá skal sveitarstjórn boða til almenns sveitarfundar með nægum fyrirvara og leggja fyrir hann uppkast að samþykkt fyrir félagið. Atkvæðisrétt á þeim fundi hafa allir þeir, sem búfénað hafa á fóðrum í sveitinni. Sé fundur lögmætur og nái uppkastið samþykki $\frac{2}{3}$ hluta atkvæðisbærra fundarmanna, skal stofna félagið, og er þá uppkastið bindandi fyrir alla sveitarbúa, enda hafi verið tekið fram í fundarboði, að um þetta mál yrði rætt og greidd atkvæði um það. Samþykkt sveitarfundarins skal leggja fyrir næsta hlutaðeigandi sýslufund til samþykktar.

Samþykki sýslufundur samþykktaruppkast fóðurbirgðafélagsins óbreytt, skal sýslumaður senda það landbúnaðarráðuneytinu til staðfestingar. Breyti sýslufundur samþykktinni, skal bera hana með áorðnum breytingum undir atkvæði lögmæts hreppsfundar á sama hátt og í fyrra skiptið. Fallist sveitarfundur á breytingartillögur sýslufundar, skal uppkastið endursent sýslumanni, sem sendir það síðan áfram til ráðuneytisins. Að öðrum kosti er samþykktin fallin, nema gerðar séu á henni breytingar, og skal þá leggja hana fyrir sýslufund að nýju og aftur með fara á sama hátt og ný samþykkt væri.

Virðist landbúnaðarráðuneytinu samþykkt, seu því hefur verið send til staðfestingar, koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, endursendir það hana án staðfestingar ásamt synjunarástæðum. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlast gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, sem í þeim hreppi eða kaupstað búa, sem hún er gerð fyrir. Samþykkt, sem ráðuneytið hefur staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var stofnuð.

65. gr.

Fóðurbirgðafélagi stýrir þriggja manna stjórn, og eru tveir þeirra kosnir á aðalfundi félagsins til fjögurra ára í senn, en þann þriðja kys hreppsnefnd til sama tíma, og er hann formaður félagsins. Stjórn félagsins sér um allar fjárreiður þess og framkvæmdir, og eru skuldbindingar hennar bindandi fyrir félagið.

66. gr.

Hvert það fóðurbirgðafélag, sem stofnað er samkvæmt lögum þessum og fullnægir fyrir mælum þeirra, nýtur árlegs styrks úr ríkissjóði, kr. 10.00 fyrir hvern bónda, sem í félaginu er. Enn fremur skal hlutaðeigandi sveitarsjóður leggja fram kr. 50.00 fyrir hvern félagsmann, og greiðir sveitarsjóður það á ekki lengri tíma en 10 árum með jöfnum greiðslum. Enn fremur skulu búfjáreigendur greiða árlegt gjald til félagsins eftir búfjárfjölda:

a. fyrir hvern nautgrip	40 aura
b. fyrir hvert hross	20 —
c. fyrir hverja sauðkind	5 —

Gjöld þessi eru lögtakskræf samkv. lögum nr. 29 16. des. 1885.

67. gr.

Skylt er fóðurbirgðafélagi að stofna sjóð og leggja í hann tekjuafgang hvers árs. Stjórn félagsins lánar úr sjóðnum til fóðurkaupa fyrir félagsmenn.

68. gr.

Komi í ljós að lokinni skoðun, sbr. 63. gr., að búfjáreigendur skorti fóður, getur stjórn félagsins varið fé úr sjóðnum til fóðurkaupa, sbr. 67. gr. Nægi sjóður félagsins ekki til fóðurkaupa, er félaginu heimilt lán úr þjargráðasjóði til þess, er á vantar, þó ekki meira en nemur hluta hreppsins í sjóðsmynduninni, gegn 5% ársvöxtum og endurgreiðslu innan 5 ára.

Skýlt er hreppsnefnd að ábyrgjast bráðabirgðalán og rekstrarlán fyrir félagið.

69. gr.

Gjalddagi iðgjalda er 1. desember. Reikningsár félagsins er almanaksár. Skýrsluárið er frá 1. október til jafnlengdar næsta ár.

70. gr.

Þegar sjóður fóðurbirgðafélags er orðinn svo stór, að hann nemur kr. 300.00 á hvern félagsmann, þá er félaginu heimilt með aðalfundarsamþykkt að létta af iðgjöldum samkvæmt 66. gr. að nokkru eða öllu leyti.

71. gr.

Stjórn fóðurbirgðafélags skal árlega senda Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um starfsemi sína, eftir því sem Búnaðarfélag Íslands ákveður og tekið er fram í samþykkt félagsins.

Skýrsla þessi skal send til Búnaðarfélags Íslands fyrir júlilok, eftir að skýrsluárinu lauk. Styrkur ríkissjóðs til fóðurbirgðafélaga greiðist, þegar skýrslur og reikningar þeirra hafa borizt til félagsins.

VIII. KAFLI

Um starfsemi héraðsráðunauta í búfjárrækt.

72. gr.

Heimilt er búnaðarsamböndum eða hluta af þeim að ráða til sín búfjárræktar-ráðunaut, einnig nautgriparræktarsamböndum, ef hlutaðeigandi búnaðarsamband notar sér ekki heimild þessa. Starfssvæði það, sem ráðunautnum er ætlað, skal vera nægilega stórt að dómi Búnaðarfélags Íslands. Sé starfssvið ráðunautar minna en meðalsýslufélög, skal framlag ríkisins lækka í hlutfalli við það.

73. gr.

Ráðunautastarfsemi þessa styrkir ríkissjóður með því að greiða hálf laun ráðunautanna.

Til þess að styrkur þessi verði greiddur úr ríkissjóði, verða búnaðarsamböndin að leggja fram þar á móti eigi minna fé til starfseminnar. Heimilt er búnaðarsamböndunum að ákveða á aðalfundi, að framlagi héraðsins skuli, að einhverju eða öllu leyti, jafnað niður á búfjáreigendur, enda hafi gjaldið áður verið samþykkt af meiri hluta félagsmanna í hreppabúnaðarfélagunum. Skal þeim þá falin innheimta gjaldanna, og eru þau lögtakskræf.

Geti einstök félög eða hluti sambandssvæðisins ekki notið starfskrafta héraðsráðunautar í búfjárrækt að dómi Búnaðarfélags Íslands, skulu félagsmenn þess svæðis undanþegnir gjaldinu.

Gjalddagi þessara iðgjalda er fyrir 1. nóvember ár hvert, og skulu búnaðarfélagin hafa staðið hlutaðeigandi sambandi skil á greiðslunni fyrir 31. desember sama ár.

74. gr.

Hafi þeir aðilar, sem um ræðir í 72. gr., ákveðið að hefja starfsemi samkvæmt þessum kafla laganna og geta fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru, skulu þeir fá staðfestingu Búnaðarfélags Íslands á starfstilhöguninni.

75. gr.

Starfssvið héraðsráðunauta í búfjárrækt skal meðal annars vera sem hér segir:

1. Vinna að því, að ákvæðum búfjárræktarlaganna sé framfylgt, og stuðla að stofnun félaga á sviði búfjárræktarinnar. Hafa eftirlit með þessum félögum og leiðbeina og aðstoða við skýrsluhald þeirra.
2. Ferðast um meðal bænda, eftir því sem við verður komið, skoða búfé þeirra og leiðbeina þeim með kynbætur, fóðrun og hirðingu þess. Þeir skulu enn fremur leiðbeina og aðstoða við kaup og sölu kynbótagripa.
3. Hafa umsjón með nautgripaupveldisstöðvum, sæðingastöðvum og samböndum nautgriparæktarféлага, ef slík eru starfandi á svæðinu.
4. Mæta árlega á fundum hreppabúnaðarféлага og búfjárræktarféлага, ef þess er óskað, og eftir því, sem við verður komið, til að flytja þar fyrirlestra um búfjárrækt og félagsstarfsemi á því sviði.
5. Vinna í samvinnu við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt að kynbótastarfsemi, framkvæmd búfjársýninga o. fl.

76. gr.

Ekki mega búnaðarsambönd ráða aðra menn til þessara starfa en þá, sem lokið hafa háskólaprófi í búfræði, nema að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands.

Héraðsráðunautum skulu greidd laun samkvæmt VIII. launaflokki launalaganna.

77. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal annast greiðslur á fjártillagi rikissjóðs til búnaðarsambandanna samkvæmt kafla þessum.

IX. KAFLI

Almenn ákvæði.

78. gr.

Heimilt er að halda héraðssýningar fyrir aðrar búfjárgreinar en hross, þegar hlutaðeigandi héraðsstjórnir óska þess, þó ekki oftár en fjórða hvert ár, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands. Fleiri sýslur en ein eða sýsluhlutar geta verið saman um sýningar þessar.

Styrkja skal slíkar sýningar að $\frac{3}{4}$ hlutum úr rikissjóði og að $\frac{1}{4}$ hluta úr hlutaðeigandi sýslusjóðum, er hvort tveggja gangi til gripaverðlauna. Auk þess styrks, sem sýslusjóður veitir til gripaverðlauna, ber sýslunefnd að annast undirbúning sýninganna. Búnaðarfélag Íslands setur reglur um tilhögun héraðssýninga, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

79. gr.

Allar greiðslur, sem um ræðir í lögum þessum, skulu greiddar að viðbætti verðlagsvísitölu kauplagsnefndar á hverjum tíma, og skal, þar sem því verður við komið, miða við meðalvísitölu ársins á undan.

80. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal semja reglur um allar framkvæmdir þessara laga, og skulu þær fá samþykki landbúnaðarráðherra.

81. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessara laga, sker landbúnaðarráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður.

82. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá kr. 100.00 til kr. 1000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum. Sektarfé skal renna í sjóð þess búfjárræktarfélags, þar sem brotið er framið, ella í sveitarsjóð.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

83. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 44 frá 10. nóv. 1913, um forðagæzlu, og lög nr. 52 frá 8. sept. 1931, um búfjárrækt, og allar síðari breytingar, sem gerðar hafa verið á þeim lögum.

Greinargerð.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands sendi nefndinni frumvarp þetta með tilmælum um, að nefndin flytti það. En frumvarpið var afgreitt á búnaðarþingi því, sem kom saman síðastliðinn vetur. Þótt landbúnaðarnefnd flytji frumvarp þetta, áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til þess að flytja breytingartillögur við frumvarpið og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Búfjárræktarnefnd búnaðarþings hefur tekið til rækilegrar athugunar frumvarp það til laga um búfjárrækt, sem lagt var fyrir búnaðarþing og samið var af ráðunautum Búnaðarfélags Íslands í búfjárrækt. Miðað við núgildandi lög um búfjárrækt, eru breytingarnar allmiklar, þar sem bætt hefur verið við fjórum nýjum köflum, og auk þess hafa verið gerðar talsverðar breytingar á sumum köflum hinna gildandi laga, sérstaklega kaflanum um hrossarækt. Hér verður aðeins getið helztu breytinganna.

Kaflinn um nautgriparækt er efnislega í meginatriðum óbreyttur. Nýmælin eru þau, að gefin er heimild til að styrkja nautaupveldisstöðvar og nautahald í sambandi við sæðingastöðvar. Enn fremur er ákvæði sett í frumvarpið um heimild til að veita einstökum kúm heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Þá hafa 1. verðlaun á naut verið hækkuð úr kr. 100.00 í kr. 300.00.

Útgjöld ríkissjóðs vegna breytinga á þessum kafla munu fyrst um sinn hækka mjög lítið þrátt fyrir þessar breytingar, vegna þess að 1. verðlauna naut eru mjög fá, og heiðursverðlauna kýr munu einnig verða mjög fáar. Styrkur til nautauppeldisstöðva verður ekki mikill, sökum þess að þar verður aðeins um uppeldi fárra kálfa að ræða árlega, og nú er aðeins ein slík stöð starfandi. Þótt tekinn hafi verið upp styrkur til nautahalds á sæðingarstöðvum, mun það ekki hafa aukin útgjöld í för með sér, þar sem styrkur til nautahalds í nautgriparæktarfélögum mun minnka að sama skapi eða meir.

Kaflinn um sauðfjárrækt er að mestu leyti óbreyttur, þó er hækkaður styrkur á ær í sauðfjárræktarfélagunum úr kr. 0.50 í kr. 1.00 á ári. Þetta hefur tiltölulega lítinn kostnað í för með sér, því að mjög fáar ær eru og munu verða í þessum félögum. Nýmæli eru um afkvæmasýningar fyrir hrúta og ær, þar sem verðlaun verða greidd úr ríkissjóði á úrvals hrúta og ær. Fjáreyðsla í þessu skyni mun ekki verða mikil, þar sem ekki er hægt að sýna aðrar kindur en þær, sem fullkomin ættarskýrsla og afurðaskýrsla er til yfir. Slíkar kindur eru fáar, og aðeins þær beztu hljóta verðlaunin. Ákvæðin í 48. gr. gildandi laga eru felld niður, en samkvæmt því er heimilt að greiða allt að kr. 5000.00 úr ríkissjóði árlega til eftirlits og verðlauna á sauðfjárræktarbuin. Má því gera ráð fyrir, að útgjöld vegna sauðfjár-

ræktarinnar samkvæmt hinum nýju ákvæðum verði ekki meiri en þau geta orðið samkvæmt núgildandi lögum.

Kaflinn um hrossarækt er nokkuð breyttur. Aðalbreytingarnar eru þessar:

Ákvæðin um sveitasýningar á hrossum eru felld niður, enda er í núgildandi lögum ætlað til, að búnaðarsamböndin sjái eingöngu um þær, án styrks úr ríkissjóði, og geta þau því haldið þeirri starfsemi áfram, ef þau óska þess, við sömu aðstæður og áður.

Héraðssýningum er skapað fastara form og sýningarstaðir ákveðnir í lögum, þannig að öll hrossaræktarhéruð geta auðveldlega notið sýninganna. Verðlaun á héraðssýningum eru stórlega hækkuð, enda er slíkt nauðsynlegt til að halda uppi nægum áhuga fyrir þátttöku í þeim.

Lögð er mun meiri áherzla á afkvæmasýningar en nú er, sem er sjálfsagt og réttmætt, þar sem þær hafi mest gildi frá kynbótasjónarmiði.

Þá ef tekið upp það nýmæli að reka tamningarstöð fyrir stóðhesta á Hvanneyri, sem er ákjósanlegur staður fyrir slíka starfsemi, ekki sízt vegna hins myndarlega hesthúss, sem þar var nýlega reist. Gagnsemi þessarar starfsemi getur orðið mjög mikil, eins og reynsla nágrannaþjóða okkar hefur sýnt.

Enn fremur er tekið upp ákvæði um styrk til að greiða fyrir því, að úrvals hryssur verði leiddar til úrvals graðhesta.

Í gildandi lögum hefur verðlaunaféð verið lagt fram bæði af hlutaðeigandi héruðum og því opinbera, en greiðslur þessar hafa verið lágar, bundnar við takmörkuð svæði í hvert skipti, og visitala hefur ekki gilt á þær, svo að verðlaunaféð hefur verið mjög óverulegt.

Á síðasta búnaðarþingi var nokkuð rætt um að skattleggja hrossin í þeim tilgangi að auka með því kynbótastarfsemina. Hugmynd þessi er tekin upp í frumvarpið og skapar grundvöll fyrir hinni auknu starfsemi og hækkuð verðlaunanna. Skattur þessi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er kr. 0,40 á hvert hross í landinu, að því tilskildu, að ríkissjóður greiði þar á móti kr. 0,20 á hvert hross.

Vegna þess ástands, sem ríkt hefur á nokkrum hluta landsins í hrossaræktarmálum, eru miklar líkur fyrir, að ákvæði núgildandi laga um einangrun graðhesta hafi, þar sem ákvæðunum hefur ekki verið framfylgt sökum yfirgnæfandi andúðar á þeim, valdið kæruleysi um val graðhesta, sem gengið hafa lausir þrátt fyrir hin ströngu ákvæði laganna. Þess vegna er nú sett í uppkast þetta heimildarákvæði um, að þar, sem meiri hluti bænda, sem eiga sameiginleg upprekstrarlönd, óskar eftir að láta graðhesta sína ganga lausa á afréttarlöndum með hryssunum, þá er nú hægt að gefa heimild til þess með sérstökum skilyrðum.

Þrátt fyrir breytingar á þessum kafla munu útgjöld ríkissjóðs lítið sem ekkert hækka og verða fastbundin ákveðnu hámarki, miðað við hrossafjölda í landinu.

Kaflinn um svínarækt og alifuglarækt er nýr. Enn þá hefur engin leiðbeiningarstarfsemi í þessum búgreinum verið á vegum Búnaðarfélagsins, en þess er að verða hrýn þörf. Þykir rétt að setja í búfjarræktarlögin ákvæði um ræktun þessara búfjargreina, til þess að veita væntanlegum ráðunaut á þessu sviði traustari grundvöll til að starfa á, frekar en ef engin ákvæði væru til að því lútandi. Má vænta, að breyta þurfi þessum kafla fljótlega, þegar komið hefur í ljós, hvernig bezt verður unnið að ræktun þessara búfjartegunda á félagsgrundvelli. Útgjöld samkvæmt kafla þessum verða engin, fyrr en ráðinn verður ráðunautur á þessu sviði, en þá er hægt fyrir Búnaðarfélag Íslands og landbúnaðarráðherra að stilla í hóf öllum útgjöldum vegna starfseminnar eftir ástæðum.

Enn fremur er kaflinn um sæðingu búfjár nýr. Telja má, að kafla þessi sé eitt merkasta nýmæli í lagafrumvarpi þessu. Hér er um nýja og fljótvirka aðferð að ræða til að kynbæta búfé, þar sem auðvelt verður að útbreiða beztu og reyndustu karldýrin.

Aðferð þessi hefur á síðustu árum rutt sér ört til rúms í öllum helztu búfjarræktarlöndum heims og gefið góða raun. Það, sem m. a. mælir sérstaklega með

Þessari aðferð hér á landi, er, að hún dregur mjög úr þeirri hættu, að sjúkdómar berist milli landa og landshluta með kynbótadýrum, en þetta atriði er mikilsvert fyrir íslenska bændur nú vegna sjúkdómavarnanna, sem gera víða ómögulegt að flytja kynbótagripi milli héraða, hversu brýn sem nauðsyn þess kann að vera. Það hefur allmikinn kostnað í för með sér að koma á stofn sæðingarstöðvum, og rekstur þeirra verður kostnaðarsamur í fyrstu, meðan starfsemin er að komast í fast horf og bændur að fá traust á henni, svo að þeir minnki við sig nautahald og fallist á að greiða sæðingarstöðvunum nauðsynleg gjöld. Því er svo ráð fyrir gert, að ríkissjóður greiði laun sérfræðings, meðan hann er að koma rekstri stöðvarinnar í gott horf. Enn fremur er ætlað til, að ríkissjóður greiði til reksturs stöðvarinnar kr. 7.00 fyrir hverja sædda kú og kr. 0.50 á sædda á. Útgjöld samkvæmt kafla þessum geta numið nokkurri upphæð, þó ekki mikilli fyrst um sinn, þar sem aðeins ein sæðingarstöð er starfandi nú sem stendur. Hins vegar má búast við því, ef áhugi er fyrir hendi, að útgjöld muni vaxa á næstu árum, en því fé væri vel varið, vegna þess að starfsemi þessi mundi flýta mjög fyrir kynbótum búfjárins yfirleitt.

Kaflinn um ræktun erlendra búfjarkynja er einnig nýmæli í lagafrumvarpi þessu. Hann skýrir sig sjálfur og krefst engra útgjalda af hálfu hins opinbera.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á kaflanum um fóðurbirgðafélög. Tekið hefur verið inn í kafla þennan ákvæði eldri laga um forðagæzlu. Heimild til að stofna fóðurbirgðafélög er sú sama og í gildandi lögum, að öðru leyti en því, að óheimilt er að stofna slík félög nema þau nái til allra búenda í hreppnum.

Í frumvarp þetta hefur verið tekinn upp nýr kafla, um starfsemi héraðsráðunauta í búfjarrækt. Gert er ráð fyrir, að búnaðarsambönd, eitt eða fleiri, ráði til sín búfjarræktarráðunauta og að ríkissjóður styrki samböndin til þessa með því að greiða hálf laun ráðunautanna. Vegna síaukinnar ræktunarstarfsemi á sviði búfjarræktarinnar, er bændum nauðsynlegt, að starfandi séu búfjarræktarráðunautar innan búnaðarsambandanna til hjálpar, leiðbeininga og eftirlits á þessu sviði, því að búfjarræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands komast ekki yfir allt það starf.

Tekið er fram í kaflanum um almenn ákvæði, að allar greiðslur samkvæmt frumvarpi þessu skuli greiddar með uppbót samkvæmt verðlagsvísitölu kauplagsnefndar, enda er það nauðsynlegt meðan verðlag og kaupgreiðslur eru háð slíkum breytingum sem nú á sér stað.